



Rangárþing eystra

FUNDARGERÐ

**84. fundur Stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.
haldinn í slökkvistöðinni á Hellu, mánudaginn 30. september 2024 og hófst hann
kl. 08:30.**

Fundinn sátu:

Anton Kári Halldórsson, Eggert Valur Guðmundsson, Þráinn Ingólfsson, Margrét Jóna Ísólfsdóttir, Valtýr Valtýsson og Leifur Bjarki Björnsson.

Fundargerð ritaði: Anton Kári Halldórsson, Formaður.

Dagskrá:

1. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.; Rekstraryfirlit - 2409094

Margrét Jóna fjármálastjóri Rangárþings eystra fer yfir rekstraryfirlit Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Rekstur ársins er í góðu jafnvægi og fylgir áætlun að mestu.

2. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.; Fjárhagsáætlun 2025 - 2409093

Margrét Jóna fjármálastjóri Rangárþings eystra og slökkviliðsstjóri fara yfir drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Unnið verður áfram að fjárhagsáætlanagerð og verður endanleg fjárhagsáætlun lögð fyrir stjórn í október.

3. Brunavarnir Rang; Samningur við Landsvirkjun - 2310036

Slökkviliðsstjóri fer yfir gang mála vegna samningagerðar við Landsvirkjun í tengslum við uppbyggingu virkjanamannvirkja á svæðinu.

Stjórn fer yfir drög að samningi milli Landsvirkjunnar og Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Rætt um mönnun á virkjanasvæði á framkvæmdatíma. Rætt um fjármögnun til uppbyggingar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. skv. fyrirbyggjandi drögum.

Slökkviliðsstjóra falið að halda áfram vinnu við samkomulagið á þeim forsendum sem nú liggja fyrir.

Samþykkt samhljóða.

4. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs.; Útboð á slökkvibíl - 2405074

Slökkviliðsstjóri fer yfir greiðslugfyrirkomulag til Fastus vegna kaupa á nýrri slökkvibífi. Stjórn óskar eftir frekari upplýsingum og rökstuðningi frá Fastus áður en

*samþykktar verða breytingar á greiðslufyrikomulagi skv. skilmálum útboðs.
Samþykkt samhljóða.*

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50

Anton Kári Halldórsson

Eggert Valur Guðmundsson

Þráinn Ingólfsson

Margrét Jóna Ísólfsdóttir

Valtýr Valtýsson

Leifur Bjarki Björnsson